

Tillaga um úttekt á stöðu ofbeldisvarnarmála innan Reykjavíkurborgar

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð leggur til að framkvæmd verði úttekt á stöðu ofbeldisvarnarmála hjá Reykjavíkurborg. Slík úttekt miðar að því að fá heildstæða sýn á stöðu ofbeldisvarna hjá Reykjavíkurborg í víðu samhengi, ekki síst með hvaða hætti er staðið að gerð og miðlun fræðsluefnis. Framkvæmd úttektar skal ákveðin og útfærð nánar í samráði við mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu og æskilegt að henni verði lokið eigi síðar en í árslok 2022.